




Menntastefna Húnabyggðar

-Drög-



Apríl 2026



Húnabyggð

Um menntastefnuna

Menntastefna Húnabyggðar markar framtíðarsýn í skóla- og frístundastarfi sveitarfélagsins, hvatningu til einstaklinga að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Hún er leiðarvísir allra þeirra sem vinna með börnum og unglíngum í átt að farsælu námi og frístundastarfi. Lögð er áhersla á að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem allir séu þátttakendur í lærdómsumhverfi þar sem þeir fá tækifæri til náms og lærdóms, að auka hæfni sína, finna að þeir skipti máli og fái tækifæri á eigin forsendum og án mismununar. Með því móti læra börn og ungmenni að byggja sig upp andlega og líkamlega, verða gildandi borgarar í samfélaginu og geta unnið með öðrum. Menntastefnan tekur líka til menntunar fullorðinna í sveitarfélaginu og hvernig sveitarfélagið getur stutt við íbúa sína til frekara náms.

Hlutverk menntastefnu Húnabyggðar er að styðja við skapandi og fjölbreytt starf í leik og starfi, efla þann mannauð sem er til staðar hverju sinn og hvetja til samstarfs milli stofnana og við nærsamfélagið. Gildi Húnabyggðar, virðing, traust og góð samskipti endurspeglast í öllu skóla- og frístundastarfi innan sveitarfélagsins og lögð er áhersla á að hver einstaklingur fái að blómstra á sínum forsendum. Húnabyggð leggur áherslu á að við stofnanir sínar starfi vel menntað, metnaðarfullt og framsækið starfsfólk og styður við starfsþróun þess.

Húnabyggð er fjölskylduvænt samfélag þar sem íþróttar- og tómstundastarf fellur vel að skólastarfi og fjölskyldulífi. Í allri ákvarðanatöku er kemur að börnum og ungmennum er horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun ásamt Barnasáttmálanum og leggur Húnabyggð á það ríka áherslu að eiga samráð við börn og ungmenni um málefni er snúa að þeim. Skólasamfélagið samanstendur af íbúum sveitarfélagsins sem hafa fjölbreyttan menningar- og félagslegan bakgrunn sem nýtist í leik og starfi. Öflugt og gott samstarf milli heimila og skóla er lykilþáttur í farsælu skólastarfi. Þær stofnanir sem koma að skólasamfélaginu eru Leikskóli Húnabyggðar, Húnaskóli, Tónlistarskóli Austur-Húnvetninga, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra (FNV), Textílmíðstöð Íslands, Farskólinn, Velferðarsvið og Fræðslu- og lýðheilsusvið. Lögð er áhersla á samfellda skólagöngu frá 1-16 ára, öflugt frístundastarf á Skólalagheimili og í félagsmiðstöðinni Skjólinu og gott samstarf við Tónlistarskólann og FNV. Farskólinn er miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og sinnir endur- og símenntun af ýmsum toga og Textílmíðstöð Íslands býður uppá aðstöðu fyrir háskóla- og fullorðinsfræðslu í samstarfi við háskóla og símenntunarstöðvar.



Um menntastefnuna


Við sameiningu Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar árið 2022 var farið að huga að menntastefnu fyrir nýtt sveitarfélag. Íbúa- og starfsmannafundir voru haldnir til að kalla eftir hugmyndum varðandi ýmsa þætti er snéru að nýju sveitarfélagi og þar voru fræðslu- og lýðheilsuáttal meðal annars undir.

Helstu áherslumál sem íbúar og starfsfólk vildu setja í forgang voru:

- að hafa aðgengi að fjölbreyttri þjónustu án langs biðtíma, með snemmtækri íhlutun, stuðningi og fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsfólk
- að það sé markviss nýbúapjónusta í boði sem snúi að fræðslu, stuðningi og íslenskukennslu
- að góður stuðningur og góð aðstaða sé til staðar í sveitarfélaginu fyrir börn og fullorðna með sérþarfir og fatlanir
- að vinnuaðstæður og umhverfi barna og fullorðinna séu samkvæmt nútímakröfum og standist opinbera staðla og kröfur
- að það sé eftirsóknarvert að starfa fyrir sveitarfélagið og starfsfólk njóti stuðnings varðandi nám, hvort sem er til réttinda eða til símenntunar
-

Árið 2024 sameinaðist Skagabyggð við Húnabyggð og nú er Húnabyggð víðfemt sveitarfélag með um 1350 íbúa og rekur Leikskóla Húnabyggðar og Húnaskóla. Nemendum úr fyrrum Skagabyggð stendur til boða að sækja skóla á Skagaströnd.

Vorið 2025 var stofnaður starfshópur til að leiða gerð menntastefnunnar. Í honum sátu Ásdís Ýr Arnardóttir og Magnús Sigurjónsson fulltrúar úr fræðslunefnd Húnabyggðar, Dagný Rósa Úlfarsdóttir fræðslustjóri, Sigríður B. Aadnegard leikskólustjóri og Þórhalla Guðbjartsdóttir skólustjóri Húnaskóla.



Innihald menntastefnu

Menntastefnan inniheldur meginmarkmið, megináherslur og byggir á stoðum sem eiga að styðja við og leiðbeina um hvernig fagleg skóla- og frístundastarf á að vera í sveitarfélaginu með vellíðan barna og unglunga í öndvegi.



12 meginmarkmið




3 megináherslur



5 stoðir





Meginmarkmið

- **Stefna og lagaumgjörð**

Að allt skóla- og frístundastarf sé í samræmi við menntastefnu til 2030, gildandi lög, aðalnámskrár, grunnþætti menntunar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

- **Læsi sem grunnur alls náms**

Að læsi í víðum skilningi sé hornsteinninn í leik og námi og unnið sé markvisst samkvæmt læsisstefnu.

- **Gæðamenntun og námsumhverfi**

Að börn og ungmenni fái hágæða, inngildandi menntun og frístundastarf í öruggu, fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi.

- **Snemmtækur og samþættur stuðningur**

Að veittur sé snemmtækur og samfelldur stuðningur auk forvarna og fræðslu sem mætir ólíkum þörfum barna og fjölskyldna með farsæld að leiðarljósi.



Meginmarkmið

- **Fjölbreytt kennsla og markvisst námsmat**

Að nemendur fái gæðamenntun með fjölbreyttum kennsluaðferðum, skýru námsmati og upplifi tilgang í námi sínu.

- **Virk þátttaka og rödd barna og ungmenna**

Að nemendur taki virkan þátt í námi sínu og frístundastarfi og fái jöfn og raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif og láta rödd sína heyrast.

- **Fjölbreytileiki og virðing**

Að virðing sé borin fyrir fjölbreytileika, menningu og tungumálum og að hann sé nýttur sem styrkur í skóla- og frístundastarfi.

- **Vellíðan og persónuleg færni**

Að vellíðan, félagsfærni, gagnrýnin og skapandi hugsun og sterk sjálfsmynd séu höfð að leiðarljósi í leik og námi.

17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



13



FRELSI TIL AÐ DEILA
HUGMYNDUM
SÍNUM

31



HVÍLD, LEIKUR,
MENNING OG
LISTIR

33



VERND GEGN
SKADLEGUM
VÍMUEFNUM

Meginmarkmið

- **Aðstaða og aðbúnaður**

Að skólarnir hafi góða umgjörð, aðstöðu og búnað sem styður við gæðaskólastarf og vellíðan allra.

- **Faglegt starfsfólk og lærdómssamfélag**

Að starfsfólk sé vel menntað, metnaðarfullt og hafi tækifæri til sífelldrar starfsþróunar í öflugum lærdómssamfélagi.

- **Samfélagstengsl, sjálfbærni og forvarnir**

Að skóla- og frístundastarf tengist nærsamfélagi, náttúru, sjálfbærni (þ.m.t. heimsmarkmiðum) og byggji á öflugum forvarnarstarfi.

- **Gæði, mat og ævilangt nám**

Að innra mat sé markvisst og nýtt til umbóta, og að tryggt sé aðgengi að námi og tækifærum til ævilangs náms fyrir alla.

Skólasamfélagið í Húnabyggð

Í Húnabyggð eru starfandi leikskóli Húnabyggðar og Húnaskóli en jafnframt hefur sveitarfélagið aðgang að Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga.

Þá er rekin frístund fyrir nemendur í 1.-4. bekk og tómstundastarf fyrir 5.-10. bekk í félagsmiðstöðinni Skjólinu.

Skólaakstur er í Húnaskóla og koma nemendur þangað jafnt utan af Skaga sem framan úr dölum Húnabyggðar. Elstu nemendur leikskólans hafa kost á skólaakstri í leikskólann.


Lagt er upp með að skóladagurinn sé samfelldur og nemendur geti að mestu leyti sótt tónlistarnám og iðkað íþróttir og aðrar tómstundir að loknum skóladegi.



Megináherslur

Menntastefnan á að styðja við skóla og frístundastarf sveitarfélagsins til að skapa framúrskarandi náms- og starfsumhverfi og nýta fyrirliggjandi markmið og stefnur sem koma fram varðandi menntun og farsæld barna. Inn í þessar áherslur fléttast sex grunnþættir menntunar sem birtast í gildandi aðalnámskrám leik- og grunnskóla og eru leiðarljós að gæðaskólastarfi ásamt grunnþáttum farsældar barna.

Þrjár megináherslur eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmendum í Húnabyggð og eru lykilþættir í því gæðastarfi sem einkennir skóla- og frístundastarf í Húnabyggð. Þær eru **farsæld, fjölbreytileiki** og **faglegt lærdómssamfélag**. Þessar megináherslur, ásamt grunnstoðunum 5 sem menntastefnan byggir á, eiga einnig við varðandi fullorðinsfræðslu í sveitarfélaginu og leggur Húnabyggð metnað í að bjóða uppá framúrskarandi námsumhverfi fyrir unga sem aldna.



Farsæld

Farsæld barna og ungmenna í Húnabyggð byggir á því að þau fái að þroskast og dafna í öruggu og hvetjandi umhverfi og séu hjartað í kerfinu. **Heilsa og vellíðan** þeirra skipta lykilmáli, þar sem þeim er tryggt aðgengi að stuðningi sem styrkir líkamlega, andlega og félagslega heilsu. Börnum og ungmennum á að líða vel í námi og frístundastarfi, í umhverfi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þau eiga að fá tækifæri til að efla sjálfsmynd, félagsfærni, sjálfstæði, seiglu, hæfileika og hæfni í öruggu og hvetjandi umhverfi. **Menntun** sem er aðgengileg, áhugahvetjandi og jöfn fyrir alla leggur grunn að hæfni þeirra til framtíðar. Áhersla er lögð á að þau þekki réttindi sín og skyldur, þau læri að virða sjálf sig og aðra og tileinki sér gagnrýna og skapandi hugsun í daglegu lífi. **Þátttaka og félagsleg tengsl** eru mikilvæg; börn og ungmenni eiga að fá tækifæri til að láta rödd sína heyrast og koma sínum sjónarmiðum á framfæri, taka þátt í ákvörðunum sem þau varðar og mynda jákvæð og uppbyggileg sambönd við aðra. **Öryggi og vernd** eru forsenda þess að þau geti notið daglegs lífs, bæði í skóla- og frístundastarfi. **Lífsgæði og félagsleg staða** barna og ungmenna skiptir máli og skapa á aðstæður þannig að öll börn og ungmenni í Húnabyggð fái jöfn tækifæri óháð bakgrunni þeirra og geti notið góðs af stuðningi sem gerir þeim kleift að blómstra á eigin forsendum í samfélagi margbreytileikans. Starfsfólk sem vinnur með þeim í skóla- og frístundastarfi ber sameiginlega ábyrgð á að stuðla að farsæld þeirra og tryggja að þau fái viðeigandi þjónustu á réttum tíma og frá réttum aðilum.



Farsæld

- Að börn fái jöfn tækifæri óháð bakgrunni.
- Að börn þekki réttindi sín og skyldur, læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að börn geti beitt gagnrýninni og skapandi hugsun í daglegu lífi.
- Að börn fái tækifæri til þess að segja skoðanir sínar og taka þátt í ákvörðunum um þau málefni sem þau varðar og borin sé virðing fyrir þeim.
- Að börnum líði vel í leik og starfi í umhverfi í samræmi við aldur og þroska.
- Að nemendur fái tækifæri til að rækta sjálfsmynd sína, félagsfærni, sjálfstæði, seiglu, hæfileika og færni.
- Að börnum sé tryggðar öruggar aðstæður og hvetjandi umhverfi.
- Að börnum sé tryggður stuðningur og sú þjónusta sem þau þurfa, á réttum tíma frá réttum aðilum.



Fjölbreytileiki

Til að tryggja börnum og ungmennum í Húnabyggð jöfn tækifæri og **öruggt** umhverfi, þar sem hæfni þeirra og margbreytileiki fá að njóta sín, er lykilatriði að skapa aðstæður sem hvetja til virkrar þátttöku í skóla- og frístundastarfi. Virk þátttaka eflir bæði sjálfstraust og tilfinningu fyrir ábyrgð, og gerir börnum og ungmennum kleift að hafa áhrif á eigið nám og félagsleg samskipti. Sterkt samstarf við foreldra er ómissandi þáttur í þessu ferli, þar sem samvinna heimilis og skóla er grundvöllur farsællar þróunar og vellíðunar barna og unglinga. Mikil áhersla er lögð á að styðja við heilbrigða og jákvæða **sjálfsmynd** barna og ungmenna. Það felur meðal annars í sér að kenna **virðingu** fyrir fjölbreytileikanum í öllum sínum myndum, hvort sem um er að ræða ólíkan bakgrunn, áhugamál, hæfileika eða lífsskoðanir. Í skóla- og frístundastarfi er unnið markvisst að því að efla umburðarlyndi, mannréttindavitund og skilning á lýðræðislegum gildum, sem eru mikilvægir þættir í að byggja upp samfélag þar sem allir fá notið sín.

Húnabyggð er **fjölmenningarlegt** samfélag sem lítur á fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn sem dýrmæta auðlind. Sú sýn hefur áhrif á öll störf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu og endurspeglast bæði í hugmyndafræði og skipulagi skóla- og frístundastarfs. Markmiðið er að skapa umhverfi þar sem börn og ungmenni finna að rödd þeirra skiptir máli, að þau séu metin að verðleikum og að þau hafi raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt og samfélagið í heild. Slíkt umhverfi styrkir þau til framtíðar og stuðlar að farsæld á öllum sviðum lífsins.



Fjölbreytileiki

- Að börn hafi aðgang að öruggu umhverfi og hafi tækifæri til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt og samfélagið í heild.
- Að börn hafi jöfn tækifæri þar sem hæfni þeirra og margbreytileiki fá að njóta sín.
- Að börn hafi aðgang að öfluggu og fjölbreyttu félagsstarfi og séu hvött til virkrar þátttöku.
- Að hlúð sé að heilbrigðri og jákvæðri sjálfsmynd
- Að börnin sé virðing fyrir fjölbreytileikanum í allri sinni mynd
- Að í skóla- og frístundastarfi sé unnið að eflingu umburðalyndis, mannréttinda og lýðræðisvitundar.
- Að litið sé á ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn sem auðlind og starfshættir endurspegli það.
- Að virkt og gott foreldrasamstarf sé til staðar í skóla- og frístundastarfi.



Faglegt lærdómssamfélag

Hugmyndafræði faglegs lærdómssamfélags er grunnurinn að því að tryggja gæðamenntun og jafnræði í skóla- og frístundastarfi í Húnabyggð. Slík nálgun leggur áherslu á **teymisvinnu**, **sameiginlega sýn** og fagleg vinnubrögð þar sem öll sem starfa með börnum og ungmennum vinna saman að **sameiginlegum markmiðum**. Lærdómssamfélag byggir á teymisvinnu, ígrundun og markvissri **starfsþróun** sem styrkir fagmennsku, eflir ábyrgð og stuðlar að stöðugum umbótum í starfi. Jafnframt er lögð sérstök áhersla á hæfni og faglegt sjálfstæði kennara og annarra sérfræðinga, ásamt **fjölbreyttum kennsluháttum**, nýsköpun og faglegu samstarfi þar sem sérfræðipekking ólíkra fagaðila nýtist sem best.

Faglegt lærdómssamfélag nær út fyrir vegg skólanna. Það felur í sér virkt og opið samtal milli foreldra, skóla- og frístundastofnana, atvinnulífsins og nærsamfélagsins. Með því er tryggt jafnræði í námi og kennslu og skapaðar aðstæður þar sem börn, ungmenni og starfsfólk fá tækifæri til að læra hvert af öðru og með hvert öðru og vinna saman að lausnum. Slík **samvinna** styrkir **tengsl** og eflir skilning á mikilvægi menntunar fyrir samfélagið í heild.

Til að efla og viðhalda faglegu lærdómssamfélagi í Húnabyggð verður starfsfólki boðið upp á öflugan endurmenntun og fjölbreytta starfsþróun sem tekur mið af þeim áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir hverju sinni. Þekking og hæfni starfsfólks er ein veigamesta forsenda gæðakennslu og því er markmiðið að skapa raunverulegt svigrúm til að efla faglega þekkingu, kanna nýjar leiðir í kennslu og dýpka samstarf. Áfram verður unnið að styrkingu innra **mats** skólanna en það einnig tekið upp í frístundastarfi, í nánú samstarfi við hagaðila, með það að markmiði að tryggja stöðugt, faglegt og metnaðarfullt starf í þágu barna og ungmenna í Húnabyggð.




Faglegt lærdómssamfélag

- Að tryggja gæða menntun og jafnræði.
- Að hugmyndir lærdómssamfélags séu hafðar að leiðarljósi.
- Að starfshættir byggi á fagmennsku, teymisvinnu, ígrundun og árangursríkri starfsþróun.
- Að áhersla sé lögð á hæfni og faglegt sjálfstæði kennara og fagaðila.
- Að kennsluhættir séu fjölbreyttir.
- Að áhersla sé lögð á nýsköpun í skólastarfi.
- Að samvinna byggi á fjölbreyttri sérþekkingu sem höfð sé að leiðarljósi
- Að samstarf og samtal á milli foreldra, skóla- og frístunda, stofnana og fyrirtækja sé reglulegt.
- Að jafnræði í námi og kennslu sé tryggt.
- Að börn og starfsfólk fái að læra hvert af öðru og hvert með öðru.
- Að starfsfólk sé gefinn kostur á öflugri endurmenntun og starfsþróun til að byggja undir þá hæfni sem þarf til að tryggja gæða kennslu.
- Efling innra mats í skóla- og frístundastarfi.



Stoðir




Menntastefna Húnabyggðar hvílir á þeim 5 grunnstoðum sem koma fram í Menntastefnu Íslands til 2030 og eiga að ná utan um áherslur sem lagðar eru í öllu starfi með börnum og ungmennum. Þær eiga að tryggja jöfn tækifæri og stuðla að farsæld í leik og námi. Stoðirnar eru **jöfn tækifæri, framúrskarandi kennsla, hæfni fyrir framtíðina, velliðan í öndvegi** og **gæði í forgrunni** og hafa tilvísun í greinar 2,3,6 og 12 í Barnasáttmálanum. Inn í þessar stoðir fléttast grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrám, en þeir eru **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. Starfsfólk skóla Húnabyggðar hefur grunnþætti menntunar að leiðarljósi í daglegu starfi og leggur metnað í að samtvinna þá inn í skólastarfið.



Jöfn tækifæri


Jöfn tækifæri fyrir alla eru grunnstoð sterks samfélags þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og vaxa. Í Menntastefnu Húnabyggðar er lögð áhersla á að skapa öllum börnum og ungmennum jöfn tækifæri til náms og íþróttá- og frístundaiðkunar. **Nám við allra hæfi** tryggir að kennsla, námsleiðir og annað starf með börnum og unglingum taki mið af ólíkum þörfum og styrkleikum þeirra. **Snemmbær stuðningur** er mikilvægur til að taka á vanda og draga úr líkum á að hann vindi upp á sig, hann styrkir sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda og eykur færni þeirra. Fjölbreytileikanum er fagnað og hann nýttur til að efla samfélagið og lögð áhersla á virðingu fyrir einstaklingnum.

Húnabyggð leggur áherslu á að staðsetning verði aldrei hindrun fyrir námstækifærum og horfir til áherslupátta í Menntastefnu Íslands um að tryggja **menntun um allt land**. Með því að bjóða uppá námstækifæri í samstarfi, meðal annars við Farskólann og hafa gott aðgengi að námsaðstöðu fyrir framhaldsskólanemendur og fullorðna leggur sveitarfélagið sitt af mörkum þegar litið er til náms eftir skyldubundið grunnám. Þá verði lögð áhersla á að starfsfólk sveitarfélagsins hafi aðgang að **raunfærnimati**, en með því er hægt að viðurkenna og meta þekkingu og reynslu sem fólk hefur aflað sér utan hefðbundins skólakerfis og skapað þannig sanngjarnari leiðir áfram í námi og starfi. Þegar allt þetta kemur saman verður til **fjölbreytt menntasamfélag** þar sem allir fá notið sín, óháð bakgrunni, reynslu eða búsetu, og þar sem tækifærin eru sannarlega jöfn.



Jöfn tækifæri

- Tryggja jöfn tækifæri til náms og frístunda fyrir öll börn og ungmenni.
- Aðlaga nám að ólíkum þörfum og styrkleikum einstaklinga.
- Veita snemmbæran stuðning til að efla færni, sjálfstraust og sjálfsmynd.
- Fagna fjölbreytileika og efla virðingu fyrir hverjum einstaklingi.
- Tryggja að búseta sé ekki hindrun fyrir menntun.
- Auka aðgengi að námi fyrir framhaldsskólanema og fullorðna, m.a. með samstarfi.
- Tryggja aðgang að raunfærnimati til að meta reynslu og þekkingu utan skólakerfis.
- Byggja upp fjölbreytt og aðgengilegt menntasamfélag fyrir alla.



Kennsla í fremstu röð

Samstarf, skýr ábyrgð og samþætting eru lykilþættir í Menntastefnu Húnabyggðar. Stuðningur við nemendur, foreldra og starfsfólk er mikilvægur áhersluþáttur og gegnir stoðþjónusta skólanna veigamiklu hlutverki þar við að aðlaga skóla- og frístundastarf að fjölbreytileika nemendahópsins. Kennsla í fremstu röð byggir á öfluggu fagfólki, skýrum stoðum og menntakerfi sem styður við vöxt og þróun. Starfsfólk leik- og grunnskóla Húnabyggðar nýtur stuðnings sveitarfélagsins í að afla sér **kennaramenntunar** eða annarrar menntunar sem nýtist í starfi. Stuðningur við **nýliða** í starfi og stuðningur við reyndari kennara verður áhersluatriði og það ásamt stuðningi við nám eru lykilþættir í að tryggja að skólar hafi hæft starfsfólk sem býr yfir bæði faglegri dýpt og hæfni til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Slík kennsla krefst líka **þekkingar og hugrekkis** – til að prófa nýjar nálganir, samþætta nýja þekkingu og takast á við síbreytilegar áskoranir skólastarfs. Samfelld **hæfnipróunarferli fagstétta í skóla- og frístundastarfi** Húnabyggðar skapar jarðveg fyrir framúrskarandi kennslu í lærdómssamfélagi þar sem fagmenn geta lært hver af öðrum og haldið áfram að þróa sig alla starfsævi. Leiðsögn og lausnateymi innan skólans styðja við starf kennara til framúrskarandi starfs. Til að ná þessu þarf skýrt og virkt utanumhald og **lagaramma** af hálfu yfirvalda, sem tryggir gæði, ábyrgð og jafnt aðgengi að úrræðum fyrir skólana. Í skólum og frístundastarfi í Húnabyggð verður lögð áhersla á að skapa umhverfi, þannig að **fjölbreytileiki** fái að blómstra, bæði innan nemendahópa og fagstétta og þannig verður til kraftmikið menntasamfélag sem styður vöxt, nýsköpun og árangur allra.



Kennsla í fremstu röð

- Efla samstarf, skýra ábyrgð og samþættingu í skóla- og frístundastarfi.
- Tryggja öfluga stoðþjónustu og stuðning við nemendur, foreldra og starfsfólk.
- Byggja upp faglegt og hæft starfsfólk með markvissum stuðningi og menntunartækifærum.
- Styðja bæði nýliða og reynda kennara í starfi.
- Efla kennslu í fremstu röð sem mætir fjölbreyttum þörfum nemenda.
- Hvetja til nýsköpunar, þróunar og hugrekkis í kennsluháttum.
- Tryggja samfelld hæfnipróunarferli og lærdómssamfélag fagfólks.
- Styrkja leiðsögn, teymisvinnu og faglegan stuðning innan skóla.
- Tryggja skýrt utanumhald, gæði og jafnt aðgengi að úrræðum.
- Skapa fjölbreytt og öflugt menntasamfélag sem styður vöxt og árangur allra.



Hæfni fyrir framtíðina

Hæfni fyrir framtíðina byggir á öfluggu menntakerfi sem styður við fjölbreytta færni, skapandi hugsun og stöðugan þroska einstaklinga. Grunnurinn er **læsi**, sem nær til tungumálsins, talna og stafrænnar færni og er lykillinn að virkri þátttöku í samfélagi og námi. Í Húnabyggð er lögð mikil áhersla á læsi í víðum skilningi og að nemendur hafa greiðan aðgang að fjölbreyttu lesefni. Nemendum af erlendum uppruna stendur til boða lesefni á sínu móðurmáli til jafns við íslenskt lesefni. Þá hafa nemendur aðgang að lesefni á fjölbreyttum miðlum og fá stuðning við lestur eftir þörfum. Þar skiptir líka máli **framþróun íslenskunnar**, svo tungumálið okkar haldi áfram að dafna í síbreytilegu samhengi og standi sterkt á öllum sviðum. Nemendur eiga að hafa aðgang að fjölbreyttum valgreinum, meðal annars á sviði list- og verkgreina og fá tækifæri á að kynna sér ýmiskonar námsframboð að loknum grunnskóla. **Vísindi og rannsóknir** ýta undir nýsköpun og skilning á heiminum og fjölbreyttar námsleiðir eins og **starfs-, iðn- og tækninám og list- og verknám** skapa jafn mikilvægar grunnstoðir fyrir framtíðarstörf, atvinnulíf og samfélagið allt. Nýting **nærumhverfisins** í námi og kennslu er veigamikill þáttur í starfi skólanna í Húnabyggð. Samstarf við tónlistarskóla Austur-Húnavatnssýslu er mikilvægur þáttur í námsferli barna í Húnabyggð og stendur þeim til boða að stunda tónlistarnám á skólatíma. Í **stafrænum veruleika** nútímans þarf hver og einn að kunna að meta upplýsingar, beita gagnrýnni hugsun, skapa lausnir og umgangast tækni á ábyrgan hátt og verður lögð áhersla á þau atriði í nám og leik. Á sama tíma gegnir náms- og starfsráðgjöf og markviss leiðsögn mikilvægum hlutverkum við að styðja einstaklinga í að finna sína leið, þróa styrkleika sína og byggja upp raunhæfar framtíðaráætlanir. Aðgengi að **náms- og starfsráðgjöf** í Húnaskóla þarf að tryggja ásamt því að bjóða uppá náms- og starfskynningar innan héraðs og utan. Undirstaðan er þó ætíð **sköpun og gagnrýnin hugsun**, ásamt trú á **menntun alla ævi**, sem gerir einstaklingum kleift að aðlagast, læra áfram og vaxa um leið og samfélagið þróast.



Hæfni fyrir framtíðina

- Efla hæfni til framtíðar með áherslu á fjölbreytta færni, sköpun og stöðugan þroska.
- Styrkja læsi í víðum skilningi (tungumál, talnalæsi og stafrænt læsi).
- Tryggja aðgengi að fjölbreyttu lesefni, þar á meðal á móturmáli nemenda.
- Styðja við framþróun íslenskunnar í breyttu samfélagi.
- Þjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir og valgreinar, m.a. í list- og verkgreinum.
- Efla áhuga á vísindum, rannsóknum og nýsköpun.
- Auka vægi starfs-, iðn-, tækni- og listnáms sem jafngilda leiða.
- Nýta nærumhverfi og samstarf (t.d. við tónlistarskóla) í námi.
- Efla stafræna hæfni, gagnrýna hugsun og ábyrga tækninotkun.
- Tryggja öfluga náms- og starfsráðgjöf og kynningu á náms- og starfsmöguleikum.
- Styðja nemendur í að móta framtíðarsýn og þróa styrkleika sína.
- Efla hugmyndina um ævilangt nám og aðlögunarhæfni í síbreytilegu samfélagi.



Velliðan í öndvegi

Sterkt skólasamfélag byggir á samstöðu og virðingu, og því er mikilvægt að tryggja **rödd nemenda** raunverulegt vægi í skóla- og frístundastarfi í Húnabyggð. Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, líðan og málefni í samfélaginu sem varðar þá og með því eykst ábyrgðartilfinning þeirra, gagnrýning hugsun, félagsleg þátttaka og jákvæð tengsl við skólann styrkjast. Nemendur fá tækifæri til að móta jákvæðan skólabrag og samskiptareglur sem taki mið af aldri og þroska þeirra. Markmiðið er alltaf **velliðan allra** – nemenda, starfsfólks og samfélagsins í heild. Í Húnabyggð er lögð áhersla á að skapa aðstæður og umhverfi sem stuðla að góðri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu, velliðan og heilbrigðum lífsháttum. Velliðan í öndvegi er forsenda farsæls náms, sterks frístundarstarfs og heilbrigðs skólasamfélags þar sem hver einstaklingur fær að blómstra. **Heilsuefling** með markvissri fræðslu um heilbrigðan lífsstíl, holla neysluhætti og mikilvægi hreyfingar á öllum skólastigum skapar grunn að jákvæðum lífsvenjum og styrkir bæði líkamlega og andlega heilsu. Þar skiptir **geðrækt** miklu máli; með markvissum aðgerðum og fræðslu er hægt að efla seiglu, sjálfstraust og félagsfærni nemenda. Í skóla og frístundastarfi er öflugt **forvarnarstarf** sem byggir á áhersluatriðum FORNOR. Með markvissri fræðslu um félags- og tilfinningafærni, jákvæð samskipti, réttindi hvers og eins, ásamt snemmbærum stuðningi má fyrirbyggja ýmis vandamál áður en þau verða umfangsmikil.

12



VIRÐING FYRIR
SKOÐUNUM BARNA

13



FRELSI TIL AÐ DEILA
HUGMYNDUM
SÍNUM

Vellíðan í öndvegi

- Efla sterkt skólasamfélag byggt á samstöðu og virðingu.
- Tryggja raunverulegt vægi raddar nemenda í skólastarfi.
- Auka þátttöku nemenda í eigin námi, líðan og samfélagsmálum.
- Efla ábyrgðartilfinningu, gagnrýna hugsun og félagslega færni nemenda.
- Gefa nemendum tækifæri til að móta skólabrag og samskiptareglur.
- Setja vellíðan allra í forgang (nemenda, starfsfólks og samfélags).
- Stuðla að góðri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu.
- Efla heilbrigða lífshætti með fræðslu og hreyfingu.
- Styrkja geðrækt, seiglu, sjálfstraust og félagsfærni.
- Byggja upp öfluga forvarnarfræðslu og snemmbæran stuðning.
- Efla jákvæð samskipti, réttindavitund og félags- og tilfinningafærni.



Gæði í forgrunni

Gæði í forgrunni eru grundvöllur sterks og árangursríks menntakerfis sem þjónar þörfum nemenda, foreldra og samfélagsins alls. Til að ná þeim markmiðum þarf skýra **ábyrgð og samhæfingu þjónustukerfa**, þannig að skólar, stuðningsaðilar og sveitarfélag vinni saman að heildstæðum lausnum. **Aðalnámskrár sem styðja við menntastefnu** og svo skólanámskrár í Húnabyggð út frá þeim, tryggja sameiginlega sýn og markmið og skapa grunn að jöfnu aðgengi að námi óháð búsetu eða bakgrunni. **Námsmat** spilar lykilhlutverk í að greina stöðu nemenda, styðja við framfarir og skapa tækifæri til vöxtar. Þar skipta **væntingar til nemenda** máli; þær eiga að vera raunhæfar, hvetjandi og byggðar á trú á getu hvers og eins. Á sama tíma er mikilvægt að hafa skýrar **væntingar til foreldra**, svo samstarfið milli heimilis og skóla verði traust og markvisst. Gæðaskólastarf er markmið menntastefnu Húnabyggðar, þar sem **stöðugar umbætur** eru hluti af daglegu starfi skóla í Húnabyggð og nýta skólarnir og frístundastarf til þess þar til bær matskerfi sem samþykkt er að nota. Rýnt er í niðurstöður kannana og mats og fundnar leiðir til úrbóta, skóla- og frístundastarfinu til framdráttar. Unnið er eftir **skilvirkri ráðstöfun fjármuna til skólanna**, sem tryggir að fjárfesting í menntun nýtist þar sem hún skilar mestum ávinningi. Með þessu móti verður hægt að byggja upp sterkt skólasamfélag í Húnabyggð þar sem gæði eru ávallt í forgrunni.



Gæði í forgrunni

- Setja gæði í forgang í öllu skólastarfi.
- Tryggja skýra ábyrgð og samhæfingu milli skóla, stuðningsaðila og sveitarfélags.
- Byggja á sameiginlegri sýn með aðalnámskrá og skólanámskrám.
- Tryggja jafnt aðgengi að námi óháð búsetu eða bakgrunni.
- Nota námsmat markvisst til að styðja framfarir og vöxt nemenda.
- Setja raunhæfar og hvetjandi væntingar til nemenda.
- Efla traust og markvisst samstarf milli heimilis og skóla.
- Innleiða stöðugar umbætur og nýta matskerfi til þróunar skólastarfs.
- Greina niðurstöður og vinna markvisst að úrbótum.
- Tryggja skilvirka nýtingu fjármuna í menntun.
- Byggja upp sterkt skólasamfélag þar sem gæði eru í forgrunni.



Framtíðarsýn og innleiðing

Framtíðarsýn Húnabyggðar er að það verði samkeppnishæft varðandi starfsaðstæður, gæði náms og vellíðan íbúa á öllum aldri. Húnabyggð leggur áherslu á skapandi og framsækið skóla- og frístundastarf þar sem starfsfólk, í góðu samstarfi við foreldra/forsjáraðila, vinnur saman að menntun og farsæld hvers barns. Rík áhersla er lögð á að náms- og starfsumhverfi sé faglegt, öruggt og uppbyggjandi og þannig búið að það henti skapandi skólastarfi. Allt starfsfólk skólanna hafi stuðning til þess að útfæra skólastarf sem stuðlar að stigvaxandi framförum hvers nemanda á persónumiðaðan hátt og þannig sé eftirsóknarvert að starfa við menntun og uppeldi í Húnabyggð. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að styðja við stjórnendur svo fagleg forysta geti leitt til framúrskarandi starfshátta. Mikilvægast er að allt starf með börnum og ungmönnum miði að því að efla vöxt og metnað þeirra svo þau fái tækifæri án aðgreiningar til að ná markmiðum sínum og blómstra.

Áherslur menntastefnu Húnabyggðar munu endurspeglast í skólanámskrám og starfsáætlunum skólanna og **aðgerðaráætlun**. Þeirri áætlun er ætlað að styðja við framkvæmd stefnunnar og er unnin fyrir 4 ár í senn en það er tími sem stofnanir þurfa til að koma á kerfisbundnu innra mati sem ná yfir alla þætti mennta- og frístundastarf.

Gæðaviðmið eru sett ár hvert og skulu þau m.a. nýtast sem smærri skref til að fylgja eftir aðgerðaráætlun hvers árs. Notast verður við innra mats kerfi sem skólarnir nota til að meta hvernig framvindan er. Komið verði á innra mats kerfi fyrir frístundastarfið sem byggir á sama grunni og því sem skólarnir nota.

Fræðslunefnd og íþrótt-, tómstunda og lýðheilsunefnd hafa hlutverki að gegna varðandi stuðning við innleiðingu menntastefnu Húnabyggðar, þær eiga að kalla eftir gögnum og forgangsraða fjármagni í samræmi við þær umbætur sem nauðsynlegar eru til að gæða mennta- og frístundastarf sé til staðar í sveitarfélaginu.

Aðgerðaráætlun

Meginmarkmið ¹⁾	Aðgerðir	Abyrgð	Árangursmælikvarði ²⁾	Viðmið ³⁾	Lokið ⁴⁾
Að allt starf sé í samræmi við menntastefnu til 2030, gildandi lög, aðalnámskrár, grunnþætti menntunar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	<ul style="list-style-type: none"> Endurskoða skólanámskrár og framkvæmd skólanna á áherslum aðalnámskrár og menntastefnu ríkisins. Að vinna samkvæmt aðalnámskrám, lögum og reglugerðum og innleiða breytingar markvisst. Endurskoða eða setja nýja námsvísa þar sem allt skipulag náms byggir á grunnþáttum menntunar. Innleiða leiðarljós/gildi með ígrundun skólasamfélagsins með þau. Endurskoðun skólanámskrár og áætlana út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 	Fræðslunefnd Skólastjórnendur	<ul style="list-style-type: none"> Fræðslunefnd sinnir hlutverki sínu m.a. með því að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur. Mælikvarði: starfsáætlun skólanefndar metin að vori. Að fagleg forysta skólastjórnenda sé samkvæmt gæðalýsingum og hæfniramma. Mælikvarði: Hæfniramma ríkisins og mat á færni stjórnenda (sjálfsmat og starfsþróunarsamtal) Starfslýsingar í samræmi við hlutverk og skipurit. Mat á innleiðingu. Mælitæki: Mat á skólanámskrá og námsvísu/kennsluáætlunum í samræmi við kröfur aðalnámskrár. 	<ul style="list-style-type: none"> Að námsvísar og skólanámskrár lýsi með hvaða hætti grunnþættir birtist í skólastarfi og að starf með börnum beri þess skýr merki að grunnþættir menntunnar ákvarði val á námi. Að skólastarfi beri skýr einkenni gæðastarfs á flestum eða öllum þáttum innra/ytra mats og samkvæmt viðmiðum um gæða skólastarf. Starfsemi hveirar stofnunar og frístundastarfs með börnum byggir á viðmiðum um gæðastarf. Að menntastefnan birtist í skólastarfinu. A.m.k. 90% nemenda, kennara/starfsfólks og skólasamfélagsins upplifa að unnið sé með Barnasáttmálann. 	
Að læsi í viðum skilningi sé hornsteinn í leik og námi og unnið sé markvisst samkvæmt læsisstefnum.	<ul style="list-style-type: none"> Læsi verði áberandi þáttur í skóla- og frístundastarfi og tengist öllum námssviðum. Stefna skólanna um læsi er sýnileg í starfsháttum kennara og nemenda. Nærumhverfi barna styðji við fjölbreytt læsi. Nemendur eigi kost á fjölbreyttu lesefni á sínu móðurmáli. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttu læsi Starfsfólki standi til boða starfsþróunartækifæri tengd læsi 	Sviðsstjóri Skólastjórnendur Yfirmenn skóladagheimilis og félagsmiðstöðvar	<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall nemenda sem nái viðmiðum í lesferli Fjöldi starfsmanna sem nýta starfsþróun tengda læsi Fjölbreytt læsisverkefni Umhverfi í skóla- og frístundastarfi endurspeglir læsisáherslur 	<ul style="list-style-type: none"> Að a.m.k. 70% nemenda nái mælitölu 12 á lesfimiþrófum Að 90% starfsfólks sækir starfsþróun tengda læsi á hverju skólaári Að hver árgangur fái stöð við að lágmarki 5 læsisverkefni á hverju skólaári Stofnanir sveitarfélagsins hafi læsi sýnilegt í sínum störfum, t.d. með lesefni í boði, veggspjöldum á ýmsum tungumálum. 	
Að börn og ungmenni fái hágæða, inngildandi menntun og frístundastarf í öruggu, fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi.	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja jöfn tækifæri fyrir alla nemendur til þátttöku í námi, frístundum og íþróttum, óháð aldri, getu eða bakgrunni. Tryggja þarf að öll börn hafi aðgang að nauðsynlegum stuðningi og þjónustu við hæfi sem forsendu þátttöknar. 	Sviðsstjóri Skólastjórnendur	<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall nemenda sem tekur þátt í frístunda- og íþróttastarfi, óháð bakgrunni eða getu. Fjöldi beiðna um samþættingu, hlutfall þeirra sem tilkynna og ástæður. Reglubundin fræðsla um eðli stigskipts stuðnings við börn og ungmenni. Fjöldi stuðningsáætlana í kjölfar tilkynninga og árangur íhlutunar. Ánægja nemenda og foreldra með aðgengi að námi og frístundastarfi 	<ul style="list-style-type: none"> Að a.m.k. 90% barna taki þátt í frístunda og tómstundastarfi óháð bakgrunni eða getu. Að a.m.k. einu sinni við lok hvers skólaárs séu skoðaðar eðli og ástæður beiðna um samþættingu þjónustu og ástæður þeirra. Að a.m.k. einu sinni við lok hvers skólaárs sé tekinn saman fjöldi stuðningsáætlana og árangur af stuðningi við nemendur og árangur af snemmtækri íhlutun. Að a.m.k. einu sinni við lok hvers skólaárs sé tekinn saman fjöldi beiðna um þjónustu fyrir börn frá foreldrum, nemendum eða kennurum. Að 90% foreldra upplifi að samþætting þjónustu í þágu farsældar barna og stigskipt þjónusta sé vel kynnt og framsetning skýr og einföld. 	

[1] Meginmarkmið ramma inn stóru steinana í menntastefnunni og segja til um að hverju sveitarfélagið ætlar að vinna í náinni framtíð og lýsa þeim árangri sem stefnt er að.

[2] Í árangursmælingum felst regluleg söfnun upplýsinga um starfsemi skóla og stofnana í sveitarfélaginu.

[3] Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um að telst góður árangur.

[4] Lokið - niðurstöður úr gæðaprófil stofnunar

Aðgerðaráætlun

			<ul style="list-style-type: none"> □ Ánægja nemenda, foreldra og starfsfólks menntastofnanna af árangri skólabjónustu og stuðningi sveitarfélagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> □ Að 90% foreldra séu ánægð með þjónustu í þágu farsældar barna snemmaþæka íhlutun við hæfi. □ Að a.m.k. 90% nemenda og foreldra séu ánægð með aðgengi að námi og frístundastarfi, samkvæmt könnunum. 	
<p>Að veittur sé snemmtækur og samfelldur stuðningur auk forvarna og fræðslu sem mætir ólíkum þörfum barna og fjölskyldna með farsæld að leiðarljósi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> □ Innleiðing laga um samþætta þjónustu. □ Samráðsfundir sérfræðiþjónustu skólanna. □ Samningar séu gerðir um nauðsynlega sérfræðiþjónustu sem ekki er hægt að veita innan skólans. □ Fræðslufundir og námskeið. □ Innleiða starfshætti sem þjóna samþættri þjónustu - skýra starfshætti nemendaverndarráðs. □ Áætlanir um samstarf heimilis og skóla sé hluti af árlegri starfsáætlun skólans. □ Stefna um samstarfs heimilis og skóla og miðlun upplýsinga er í skólanámskrá. □ Foreldrahandbók. □ Tryggt samstarf heimila og skóla og frístunda 	<p>Sveitarstjóri Verkefnastjórar farsældar Fræðslunefnd Skólastjórnendur Velferðarnefnd</p>	<ul style="list-style-type: none"> □ Stigskiptur stuðningur skýr. □ Mælitæki: kannanir. □ Eftirlit með gæðum sérfræðiþjónustu og skólabjónustu. Mælitæki: kannanir og innra mat. □ Virkur hópur sem metur árangur af sérfræðiþjónustu við börn □ Þátttaka foreldra í viðburðum og samtölum □ Ánægja foreldra með upplýsingaflæði frá skóla og frístundastarfi. 	<ul style="list-style-type: none"> □ Að allir foreldrar sem eiga í hlut upplifi að þau og börn þeirra fái samþætta þjónustu og ekkert þeirra falli á milli kerfa og hafi verið send á eigin ábyrgð milli þjónustuaðila innan sveitarfélags eða ríkisstofnana .A.m.k. 90% forráðamanna upplifa að svo sé. □ Þegar sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins þjónar farsæld barna í nauðsynlegu samstarfi við alla þá aðila sem þurfa að vinna saman til að hvert barn fái að vaxa og eflast og að sá vöxtur byggji á styrkleikum hvers barns. A.m.k. 90% skólasamfélagsins upplifa að svo sé. □ Að 85% foreldra upplifi jákvæð samskipti við skólann 	
<p>Að nemendur fái gæðamenntun með fjölbreyttum kennsluáðferðum, skýru námsmati og upplifi tilgang í námi sínu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> □ Endurskoða skólanámskrá og námsvísi/kennsluáætlanir í heild sinni í samræmi við stefnu skólans og sveitarfélagsins. □ Aðkoma nemenda að skipulagi náms og kennslu er kerfisbundið. □ Nemendastýrð samtöl og kannanir um framgang námsins og líðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni. 	<p>Skólastjórnendur Kennarar</p>	<ul style="list-style-type: none"> □ Skipulag náms og kennslu er í samræmi við lýsingar í námsvísi/kennsluáætlana og námskrám skóla (mælitæki: matslisti). □ Skólanámskrá birtist í heild sinni á heimasíðu skólans og uppfyllir kröfur aðalnámskrár um þá þætti sem þar koma fram. □ Skólaþing haldin a.m.k tvisvar á skólaári. □ Nemendur koma að endurskoðun námsvísa og útfærslu leiks, náms og kennslu. 	<ul style="list-style-type: none"> □ Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega og uppfærð árlega. □ A.m.k. 90% nemenda upplifa að þeir hafi aðkomu að skipulagi leiks, náms og kennslu. □ Námsvísir/kennsluáætlanir er birtur á heimasíðu skóla fyrir hvert skólaár eigi síðar en júní fyrir komandi skólaár. □ A.m.k. 90% nemenda, kennara/starfsfólks og foreldra þekkja námsvísa/kennsluáætlanir skóla og skilja megininntak þeirra. □ Nemendur og foreldrar a.m.k. 90% upplifa að námið sé persónuþað og við hæfi hvers og eins og að námsumhverfið sé nýtt á fjölbreyttan hátt. 	
<p>Að nemendur taki virkan þátt í námi sínu og frístundastarfi og fái jöfn og raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif og láta rödd sína heyrast.</p>	<ul style="list-style-type: none"> □ Reglubundið samráð um skóla- og frístundastarfi. □ Samráðsfundir stjórnenda. □ Nemendaping 	<p>Sviðsstjóri Fræðslunefnd Velferðarnefnd</p>	<ul style="list-style-type: none"> □ Mat á samstarfsáætlun gerð árlega. Mælikvarði: Mat á samstarfsáætlun, gekk áætlunin eftir □ Kannanir á meðal nemenda og foreldra. 	<ul style="list-style-type: none"> □ Unnið er eftir starfsáætlun skólanefndar og hún metin og endurgerð árlega. Starfsáætlun og mat á starfsáætlun birt árlega á heimasíðu sveitarfélagsins. □ Þegar samfella er í degi, sniðin að þörfum barna sem veitir jöfn tækifæri til þátttöku. 	

[1] Meginmarkmið ramma inn stóru steinana í menntastefnunni og segja til um að hverju sveitarfélagið ætlar að vinna í náinni framtíð og lýsa þeim árangri sem stefnt er að.

[2] Í árangursmælingum felst regluleg söfnun upplýsinga um starfsemi skóla og stofnana í sveitarfélaginu.

[3] Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um að telst góður árangur.

[4] Lokið - niðurstöður úr gæðaprófi stofnunar

Aðgerðaráætlun

<p>Að virðing sé borin fyrir fjölbreytileika, menningu og tungumálum og að hann sé nýttur sem styrkur í skólastarfi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Próa og innleiða starfshætti þar sem virðing fyrir menningarlegum fjölbreytileika er greinileg og tryggja stuðning og viðeigandi aðlögun fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. 	<p>Skólastjórnendur Kennarar</p>	<ul style="list-style-type: none"> Sýnileiki fjölmenningarlegra verkefna greinileg í skólanámskrá skólanna og starfsháttum. Skólasókn, virkni og námslegar framfarir barna með fjölbreyttan bakgrunn. Ánægja foreldra og nemenda af viðhorfi til tungumáls og menningararfs þeirra. Ánægja foreldra og nemenda af fjölbreyttum tækifærum til náms. 	<ul style="list-style-type: none"> Að a.m.k. 90% nemenda með fjölbreyttan bakgrunn taki þátt virkan þátt í skóla- og frístundastarfi. Að fjölbreytt fjölmenningarleg verkefni séu sýnileg í skólastarfinu að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári. Að a.m.k. 90% foreldra og nemenda séu ánægð með fjölmenningarlega fræðslu og stuðning. Að ÍSAT hæfniramar séu nýttir til þess að kortleggja framfarir nemenda regluleg - a.m.k. tvisvar á hverju skólaári og alltaf við upphaf skólagöngu. Að námsmat sé skýrt og mælikvarðar gagnsæir og skiljanlegir nemendum og foreldrum. 	
<p>Að vellíðan, félagsfærni, gagnrýnin og skapandi hugsun og sterk sjálfmynd séu höfð að leiðarljósi í leik og námi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Að innleiða skipulagt nám í félags- og tilfinningafærni (sjálfsvitund, samkennd, samskipti) á öllum skólastigum. Innleiða vellíðan í daglegt starf (hreyfistundir, núvitund, bekkjarfundir, samvera) Kennsluhættir gangi út frá verkefnaíðudu námi (áhersla á umræður, lausnaleit) Fengist sé við skapandi verkefni á hverri önn Innleiðing leiðsagnarmats 	<p>Skólastjórnendur Kennarar</p>	<ul style="list-style-type: none"> Niðurstöður úr líðanakönnun Vellíðan sé inni í kennsluáætlunum/námsvísunum Verkefnamiðað nám út frá gagnrýni hugsun í kennsluáætlunum Skapandi verkefnum komið inn í kennsluáætlanir Þáttaka nemenda í umræðum, verkefnum, viðfangsefnavali sé inni í kennsluáætlunum 	<ul style="list-style-type: none"> Yfir 80% nemenda upplifi góða eða mjög góða líðan Yfir 90% nemenda með reglulegar vellíðunarstundir í vikuskipulagi Yfir 80% kennslustunda innihaldi gagnrýna umræði og verkefni Skapandi verkefni séu minnst 1x á önn fyrir hvern nemendahóp Leiðsagnarmati sé sinnt í öllum fögum 	
<p>Að skólarnir hafi góða umgjörð, aðstöðu og búnað sem styður við gæðaskólastarf og vellíðan allra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Endurnýja búnað samkvæmt áætlunum. Öryggisáætlanir - tryggja að séu gerðar. Tryggja fjármagn til endurnýjunar. Reglubundir fundir og greining í samvinnu og samstarfi stjórnenda og sveitarfélags þar sem metið er hvort skólahúsnæði og skólaumhverfi standist nauðsynlegar kröfur. 	<p>Fræðslunefnd Skólastjórnendur</p>	<ul style="list-style-type: none"> Eftirlit með gæðum skólastarfs - upphafsstaða tekin við upphaf innleiðingar menntastefnu og fylgt eftir með samskonar mati að 4 árum liðnum. Mælikvarði: Innra mats skýrslur og innra mat samkvæmt gæðaviðmiðum menntastefnu, skólaprófíll og starfshættir sem eru í samræmi við gæðaviðmið um innra mat. 	<ul style="list-style-type: none"> Samantekt um stöðuna liggja fyrir í september 2026. Flestir eða allir þættir sterkir í gæðaviðmiðum um aðbúnað við lok innleiðingar tímabilsins 2030. 	
<p>Að starfsfólk sé vel menntað, metnaðarfullt og hafi tækifæri til sífelldrar starfsþróunar í öfluglu lærdómssamfélagi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja aðlaðandi og eftirsóknarvert starfsumhverfi. Nýta hæfniramma reglubundið til að tryggja að starfsþróun styðji við raunverulega þörf hjá starfsfólki. Endurskoða starfsþróunaráætlun annað hvert ár. Starfsfólki standi til boða regluleg tækifæri til starfsþróunar. 	<p>Fræðslunefnd Skólastjórnendur</p>	<ul style="list-style-type: none"> Starfsþróunaráætlun sem er gerð til tveggja ára. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð hennar, sýnt er fram á með skýrum hætti að starfsþróun hafi leitt til úrbóta. Mælikvarði: Starfsþróunaráætlun og skráður árangur af starfsþróun. Fjöldi starfsfólks sem tekið hefur þátt í starfsþróun sem byggir á starfsþróunaráætlun á hverju ári. Ánægja starfsfólks með starfsþróun, mæld með könnunum. 	<ul style="list-style-type: none"> Allir þættir teljist sterkir eða mjög sterkir samkvæmt viðmiðum sveitarfélagsins um gæðastarf er varðar stjórnun og fagmennsku Að a.m.k. 90% starfsfólks taka þátt í starfsþróun árlega. Að a.m.k. 90% starfsfólks fái viðbrögð við starfsháttum sínum (hrós/endurgjöf) í starfi. Að allir starfsmenn sæki starfsþróunarsamtal við næsta yfirmann a.m.k. einu sinni á ári. Að a.m.k. 90% starfsfólks sé ánægt með þá starfsþróun sem er í boði á hverju ári. 	

[1] Meginmarkmið ramma inn stóru steinana í menntastefnunni og segja til um að hverju sveitarfélagið ætlar að vinna í náinni framtíð og lýsa þeim árangri sem stefnt er að.
 [2] Í árangursmælingum felst regluleg söfnun upplýsinga um starfsemi skóla og stofnana í sveitarfélaginu.
 [3] Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um að telst góður árangur.
 [4] Lokið - niðurstöður úr gæðaprófíll stofnunar

Aðgerðaráætlun

			<ul style="list-style-type: none"> □ Aukning í beitingu fjölbreyttra og skapandi kennsluaðferða í. Mælt með innlitum og mati næsta yfirmanns eða fulltrúa gæðaráðs. □ Mat á hæfni faglærðra kennara og stjórnenda út frá hæfniramma í reglulegum starfsþróunarsamtölum. 	<ul style="list-style-type: none"> □ Að a.m.k. 90% kennara ástundi skapandi og fjölbreyttar kennsluaðferðir eigi síðar en árið 2028. □ Að starfsþróunaráætlanir séu gerðar til tveggja ára og samkvæmt nýjustu viðmiðum um starfsþróun skv. aðalnámskrá (eða sambærilegt) og að ávallt sé gild starfsþróunaráætlun hluti af starfsáætlun. 	
Að skólastarf tengist nærsamfélagi, náttúru, sjálfbærni (þ.m.t. heimsmarkmiðum)	<ul style="list-style-type: none"> □ Útinám og gagnkvæm tengsl skóla og nærsamfélags eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í starfsáætlun/ skólanámskrá. □ Kannanir séu gerðar með reglubundnum hætti um heildstæða upplifun aðila í sveitarfélaginu á samstarfi - skýr starfsáætlun innra mats. □ Endurskoðun skólanámskrár og áætlana þar sem m.a. er byggt á heimsmarkmiðum. □ Verkefni unnin með nærsamfélaginu og kynnt íbúum og markmiðum samfélagsins. 	Skólastjórnendur Kennarar	<ul style="list-style-type: none"> □ Reglulegar kannanir gerðar á viðhorfum alls skólasamfélagsins. □ Verkefni sem eru samþætt og þematengd með áherslu á samstarf - birt í skólanámskrá. Mælitæki: Mat á skólanámskrá. □ Mat á innleiðingu. Mælitæki: Mat á skólanámskrá og námsvísium/kennsluáætlunum í samræmi við kröfur aðalnámskrár. 	<ul style="list-style-type: none"> □ A.m.k. 90% nemenda, kennara/starfsfólks og foreldra upplifa gott samstarf í könnunum. □ Útinám er í gangi allt skólaárið. □ A.m.k. 90% nemenda, kennara/starfsfólks og skólasamfélagsins upplifa að unnið sé með heimsmarkmið. 	
Að innra mat sé markvisst og nýtt til umbóta, og að tryggt sé aðgengi að námi og tækifærum til ævilangs náms fyrir alla.	<ul style="list-style-type: none"> □ Koma á reglubundnu innra mati í samræmi við gæðaviðmið um innra mat og stefnu sveitarfélagsins. □ Endurskoða starfsáætlun skólans og tryggja að þar komi fram áherslur í innra mati og tenglar á uppfærðar áætlanir innra mats. 	Skólastjórnendur Gæðaráð	<ul style="list-style-type: none"> □ Gæðaráð stofnuð í skólum sveitarfélagsins og í frístundaþjónustu □ Mat á starfsháttum fer fram reglulega, bæði mat stjórnenda, jafningjamat og ytra mat. Mælitæki: Kerfisbundið innra og ytra mat. 	<ul style="list-style-type: none"> □ Allir þættir teljist sterkir eða mjög sterkir samkvæmt viðmiðum sveitarfélagsins um gæðastarf 	

[1] Meginmarkmið ramma inn stóru steinana í menntastefnunni og segja til um að hverju sveitarfélagið ætlar að vinna í náinni framtíð og lýsa þeim árangri sem stefnt er að.
 [2] Í árangursmælingum felst regluleg söfnun upplýsinga um starfsemi skóla og stofnana í sveitarfélaginu.
 [3] Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um að telst góður árangur.
 [4] Lokið - niðurstöður úr gæðaprófil stofnunar

Gæðaviðmið

Vinna við gæðaviðmið á eftir að fara fram en horft verður til gæðaviðmiða sem hlekkir eru á hér í gögnum.

Gögn

- Gæðaviðmið um leikskólastarf
- Gæðaviðmið um grunnskólastarf
- Gæðaviðmið um frístundastarf
- Hlutverk frístundaheimila
- Matstæki GGÓ
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Menntastefna Íslands
- Frá draumi til veruleika - NÝSKÖPUNARVIÐMIÐIN
- Æskulýðslög
- Heimsmarkmiðin
- Barnasáttmálinn
- Lög um leikskóla
- Lög um grunnskóla
- Lög um tónlistarskóla
- Hæfniramma fagfólks
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.
- Farsæld barna heimasíða
- Lög um inngildandi skólaþjónustu (ekki komin)

